
Leikskólinn Lundaból

*Ársskýrsla
2015 – 2016*



INNGANGUR

Viðkomandi ársskýrsla tekur til skólaársins 2015 – 2016. Fjallað verður um þá þætti í skólastarfinu sem ákveðið var að leggja mat á og gert grein fyrir helstu niðurstöðum matsins. Skýrt verður frá niðurstöðum í viðhorfsskönnunum barna og foreldra og þær fléttaðar inn í samantekt á mati. Einnig verður atburðum/þáttum sem teljast til nýjunga í skólastarfinu gerð skil. Tölulegar upplýsingar s.s. barnafjöldi, stöðugildi og starfsmannafjöldi eru á sínum stað eftir sem áður.

LEIKSKÓLINN LUNDABÓL

Leikskólinn Lundaból hóf starfsemi þann 15. október 1992. Áður hafði verið starfræktur gæsluvöllurinn Vörðuvöllur. Fyrstu tvö árin var starfrækt ein deild með 36 börnum. Sumarið 1994 hófust framkvæmdir við nýja deild sem var tekin í notkun í október sama ár og þriðja deildin var tekin í notkun í janúar árið 2000. Í Lundabóli eru starfandi þrjár leikskóladeildir Laufið, Lyngið og Lerkið. Þar dvelja 66 börn samtímis á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30 - 17:00 og geta foreldrar valið um mislangan dvalartíma. Leikskólinn er opinn allt árið og geta foreldrar valið hvenær barnið fer í sumarleyfi en miðað er við 4 vikur yfir sumarið.

Hlutverk:

- að annast uppeldi barna í samvinnu við foreldra þeirra.
- að veita börnum umhyggju, hlýju, öryggi og stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði
- að leggja áherslu á heildarsýn er varðar örvun allra þroskaþátta.
- Leikskólinn er fyrsta skólastig barna og lögð er áhersla á að undirbúa þau fyrir áframhaldandi skólagöngu.

Uppeldislegar áherslur Gæðastefna leikskólans er :

- að stuðla að jákvæðum samskiptum barna og fullorðinna.
- að börnin sýni öðrum umburðalyndi og temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum.
- að þau læri að umgangast aðra og umhverfi sitt með virðingu.
- að leggja áherslu á samskipti og vinnubrögð þar sem börnin læra lýðræði í gegnum jákvæðan aga.

Einkunnaorð leikskólans Gildin okkar

Gleði- Við veljum að vera jákvæð í okkar daglegu samskiptum og hafa húmor fyrir sjálfum okkur og öðrum. Við trúum því að vinnustaður með góðum anda auki vellíðan og sköpunargleði. Hollusta, heilbrigði og rétt viðhorf eykur á gleðina.

Virðing- Við erum fagmenn á okkar sviði og beitum rökum til að styðja við skoðanir okkar og virðum skoðanir annarra. Við notum gagnrýni á uppbyggjandi hátt. Við berum virðingu fyrir starfi okkar erum stundvís, metnaðarfull og iðkum fagmennsku.

Samvinna- Góð samvinna byggir á heiðarleika, jákvæðni og trausti. Við hugsum í lausnum og tökum höndum saman um að veita framúrskarandi þjónustu við börn og foreldra þeirra.

INNRA MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 grein 17 segir: „Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra, að tryggja að starfssemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, aðalnámskrár leikskóla, auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum; Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur.

Viðmið mats

Til grundvallar sjálfsmati leikskólans Lundabóls eru gæðastefna og skólanámskrá/gæðahandbók leikskólans, starfsáætlun og ýmsar aðgerðaáætlanir leikskólans, skólastefna Garðabæjar og *Aðalnámskrá leikskóla (2011)*

Þátttakendur

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla (2011)* á sjálfsmat leikskóla að vera samvinnuverkefni þeirra sem tengjast starfinu. Í Aðalnámskrá er gert ráð fyrir að börn og foreldrar ásamt starfsfólki komi að mati, áætlanagerð og þróun starfsins.

Matsaðferðir

Þær aðferðir sem notaðar voru við mat á skólastarfinu í Lundabóli voru viðhorfsskannanir barna- og foreldra, foreldrasamtöl, starfsmannasamtöl, samantekt á slysum barna, auk óformlegs mats starfsmanna (rýnihópa).

Hvað var metið

Líkt og áður var lagt mat á ákveðna þætti í skólastarfinu og kafað dýpra ofan í einstaka þætti í stað þess að stikla á stóru um heildarstarfssemina. Undanfarin ár hefur í Lundabóli verið lögð aukin áhersla á mat á skólastarfinu, það fari fram með fjölbreyttum hætti og með aðkomu hlutaðeigandi þ.e.a.s. barna, starfsfólks og foreldra. Einnig er samræðan sem á sér stað á milli starfsfólks við matið ekki síður mikilvæg en matið sjálft. Í kjölfar matsins er gerð umbótaáætlun. Að þessu sinni var Leikskólapúlsinn fenginn til að leggja könnun fyrir starfsfólk og var hún viðameiri og nákvæmari en hefur verið.

Leikskólapúlsinn er vefkannanakerfi sem leggur kannanir fyrir foreldra og starfsmenn í leikskólum í Garðabæ (sjá www.skolapulsinn.is).

Á vef Skólapúlssins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins. Kannanirnar eru mikilvægur hluti af innra mati leikskólans en tilgangur þess er að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Niðurstöður úr Starfsmannakönnun Leikskólapúlssins 2016

Pátttaka Starfsmanna var mjög góð eða 100%

Starfsmannakönnun innihélt matspættina:

- Starfsánægja í leikskólanum
- Starfsandi í leikskólanum
- Stjórnun leikskólans
- Starfsaðstaða
- Sjálfsmynd við uppeldi og menntun
- Samstarf í leikskólanum
- Undirbúningstímar og símenntun

Niðurstöður sýna að leikskólinn var yfir landsmeðaltali í þáttunum:

- Starfsánægja í leikskólanum. Starfsfólk upplifir að það hafi frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Veit til hvers er ætlast af þeim og býr við starfsöryggi. Hæfni starfsfólks fær að njóta sín. Þetta eru mikilvægir þættir sem eru taldir stuðla að starfsánægju.
- Starfsandi í leikskólanum. Nýtt starfsfólk fær góðar móttökur og því er leiðbeint af reyndu starfsfólki. Það telur að það fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstímans. Starfsfólk upplifir að leikskólinn hafi góða ímynd í samfélaginu og að þetta sé góður vinnustaður.
- Stjórnun leikskólans. Starfsfólk segist fá hvatningu frá yfirmönnum, hrós og að störf þeirra séu metin af verðleikum. Stjórnendur eru sýnilegir í leikskólanum, taka á málum sem upp koma og hagi sér þannig að það sé borið traust til þeirra. Stjórnendur hvetja starfsfólk til að sýna frumkvæði og það er tekið tillit til skoðana þeirra.
- Samstarf í leikskólanum. Starfsfólk telur að samstarf sé gott í leikskólanum og samstarf á milli deilda sem og að deildastjórar vinni vel saman.

Einnig sýna niðurstöður að leikskólinn stendur sig vel í liðnum:

- Starfsaðstaða. Vinnuaðstaða er ágæt en vantar rými til að lesa og skipuleggja sig í næði. Fólki finnst það samt ná að komast yfir verk dagsins og að það sé hæfilegur fjöldi barna á deildinni. Álag er samt á köflum of mikið þó dagskipulagið sé sveigjanlegt. Starfsfólki finnst það ná að samræma ágætlega starf og einkalíf og er ánægt með markmið leikskólans um aukinn sveigjanleika
- Sjálfstraust í starfi. Starfsfólk upplifir að það eigi auðvelt með að framfylgja áherslum leikskólans. Hafi næga þekkingu, áhuga og hæfni til að takast á við allar áskoranir. Mikilvægt er að starfsfólk hafi trú á eigin getu og kom það fram að starfsfólk hefur sjálfstraust í samskiptum við börnin, efla vináttu barna og hvetja þau til að taka frumkvæði og aðstoða þau við að leysa úr ágreiningi. Einnig að sýna börnunum umhyggju og setja sig í þeirra spor

- Undirbúningstímar. Mikill hluti starfsfólk telur sig hafa nægilegan tíma til að undirbúa starfið. Öðrum finnst vanta tíma til að skipuleggja daglegt starf, lesa fræðigreinar, rannsóknir, sinna heimasíðu og myndvinnslu. Mestur tími fari í foreldrasamskipti og vinnu með skráningar svo sem námssögur og leikskólabókina. Síðan fer mikill tími í umræður við samstarfsfólk um leikskólastarfið og að skipuleggja daginn.

Starfsfólk fékk opnar spurningar og það beðið um að lýsa því sem er gott og einnig því sem má gera betur.

- Starfsfólk var sammála um virkilega góðan starfsanda, jákvæðni og góða samvinnu. Afslappað umhverfi, gleði og jákvætt viðmót stjórnenda sem eru sýnilegir og taka þátt í starfinu. Gott og jákvætt viðhorf til barna og umhyggja. Sveigjanleiki á vinnustaðnum og hvað allir eru jafnir gerir þetta að flottum vinnustað. Tekið á málum á öruggan og fumlausan hátt. Hlýlegt og heimilislegt umhverfi.

Mat barnanna á leikskólastarfinu

Ánægjuleg breyting var gerð varðandi aðlögun og flutning elstu barna frá leikskóla yfir í grunnskóla. Börnin fengu að vera með í því að ákveða hvaða upplýsingar færu frá leikskólanum. Blásið var til funda með þeim, foreldrum þeirra og leikskólakennara. Á fundinum voru gögnin tekin saman og útbúin lítil bók með helstu upplýsingum sem talið var gagnlegt að færi á næsta skólastig. Má þar nefna hvað barninu finnst skemmtilegast að gera, bestu vinir, styrkleikar barnsins og fleira. Ljósritað var úr námssögumöppu barnsins þar sem styrkleikum voru gerð góð skil. Þetta var virkilega ánægjuleg breyting og þegar grunnskólakennarar komu í leikskólann á fund var hægt að fara betur yfir hvert barn fyrir sig og undirbúa næsta skólastig á jákvæðan og skilvikan hátt.



VERKEFNI- nýjungar í starfi

Grunnbættir menntunar Að baki er annað skólaárið þar sem unnið var eftir nýrri skólanámskrá og ákveðið var að taka fyrir sérstaklega sköpun, sjálfbærni og haldið áfram að vinna með hvíld og slökun.

Hvíld: Elstu börnin voru ekki að leggjast í hvíldinni, heldur sátu þau í sófanum í miðrými, sum á gólfinu og önnur á stól og hlustuðu á sögur. Okkur langaði að breyta þessu og bjóða þeim að leggjast niður og ná að hvíla sig og slaka á. Við óskuðum eftir því að foreldrar þeirra kæmu með teppi og kotta og útbjuggum við hvíldaraðstöðu í salnum fyrir þennan hóp. Skemmst er frá því að segja að þetta heppnaðist fullkomlega og á nokkrum dögum voru öll börn í leikskólanum farin að leggjast niður. Börnin nutu þess að hlusta, spjalla og gera slökunaræfingar og áttu oft um klukkustunda næði eftir hádegisverð áður en haldið var áfram með verkefni dagsins. Foreldrar, börn og starfsfólk fundu breytingu á hegðun barnanna og voru þau orkumeiri, hljóðlátari og einbeittari við verkefnið það sem eftir lifði dags.



Sköpun: Við lögðum áherslu á dans, tónlist, hreyfingu, jóga og slökunaræfingar, ásamt annari listsköpun. Við fengum í samráði við foreldrafélagið danskennara, tónlistarkennara og fengum einu sinni í viku allt árið myndlistarkennara. Þessir

sérfræðingar styrktu okkur og kenndu allt það nýjasta í kennslu leikskólabarna varðandi sköpun og listir.

Sjálfbærni: Við lögðumst yfir hugtakið sjálfbærni og unnum verkefni með börnunum varðandi þessar áherslubreytingar í hugsun og hugtakaskilning. Hvað er rusl? og hvernig getum við komið í veg fyrir mengun, og almenna eyðileggingu á náttúru okkar. Þau lærðu að flokka rusl, endurnýta og öðluðust skilning á hvernig best sé að ganga um landið okkar með það fyrir augum að vernda auðlindir okkar sem best.

The leader in me

Próunarverkefnið „Leiðtoginn í mér“ hófst formlega í maí 2015

Við erum svo lánsöm að hafa fengið styrk úr próunarsjóði leikskóla Garðabæjar til að hefjast handa við verkefni sem ber heitið The leader in me eða upp á íslensku Leiðtoginn í mér.

Markmið verkefnisins er að byggja upp leiðtogafærni starfsfólks og barna í Lundabóli. Einnig að byggja upp sterka einstaklinga með því að efla félagslega færni, auka tilfinningagreind og virkja viljann til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Hver einstaklingur vinnur út frá sínum eigin styrkleikum og vinnur að því að verða besta útgáfan af sjálfum sér. Markmiðið er að efla sjálfsmynd og sjálfstraust barna efla virka þátttöku þeirra í leikskólastarfinu og styðja við áhugasvið þeirra og námsgleði.

Leiðtoginn í mér er ferli sem byggir á rannsóknum um hvernig megi umbreyta menningu skólasamfélags. Notast er við námsefni sem varð til út frá bók Steven R. Covey sem heitir 7 venjur þeirra sem ná raunverulegum árangri. Leiðtoginn í mér byggir upp skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni nemenda og starfsfólks.

Leiðir

Innleiðing á verkefninu gekk vel og byrjuðum við á að fá kynningu fyrir starfsfólk í maí 2015. Foreldrar fengu kynningu í september 2015 og starfsfólk fékk 3 vinnudaga í október og svo aftur 2 vinnudaga í janúar 2016. Við fengum góða fræðslu, leiðbeiningar og verkefni. Lagt er upp með að kenna venjur sem eru til þess fallnar að breyta hegðun og hugsun.

Við fengum börn og foreldra til að vera með okkur í smá verkefni í upphafi og fengum við alla til að skrifa styrkleika sína á lítið laufblað og festa það á tré sem við vorum búnar að mála á vegg. Þetta varð mjög skemmtilegt verkefni og stendur enn hjá okkur og kallast styrkleikatré barna, foreldra og starfsfólks Lundabóls.



Börnunum voru kenndar 5 venjur og til þess voru notaðir frasar, setningar, myndir, félagshæfnisögur ásamt því að kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir.

- Venja 1 **Taktu af skarið** (be proactive) Börnin læra að taka af skarið í samskiptum, setja öðrum mörk og læra að þau hafa mikið um sitt nám og sína líðan að segja. Læra að fylgja eftir reglum og fyrirmælum og þegar vel gengur eða illa þá er ekki hægt að kenna öðrum um. Þau fá þjálfun í að leysa úr ágreiningi með því að hafa ferli sem þau fylgja þegar upp kemur ágreiningur. Dæmi: finna út hvað hægt er að hafa áhrif á, eins og til dæmis veðrið hefur enginn áhrif á
- Venja 2 í **upphafi skal endinn skoða** (begin with the end in mind) merkir að í byrjun verkefnis eða þegar þú færð hugmynd þá er mikilvægt að hafa skýra sýn á hver útkoman verður, þú setur þér markmið. Að stoppa og hugsa áður en framkvæmt er og velta fyrir sér neikvæðum og jákvæðum hliðum. Velta fyrir sér hvaða áhrif er hægt að hafa á aðstæður og aðra og læra að það er hægt að velja sér viðhorf. Dæmi: ef það er rigning úti í hvaða fatnað á að fara.
- Venja 3 **Forgangsraðaðu** (put first things first) Læra að forgangsraða, meta hvað sé mikilvægt að gera og í hvaða röð. Fysta þarf að fara í nærföt og svo í önnur föt. Flokka atburði og hluti í þeirra nærumhverfi hvað skiptir miklu máli og hvað skiptir minna máli.

- Venja 4 **Sigrum saman** (think win win) við viljum að öllum gangi vel. Ég veit hvað ég vil en þarf ekki að gera lítið úr öðrum til að mér gangi vel. Saman getum við gert meira og erum sterkari. Það skiptir alla máli að allir fái að njóta sín og það er gott að samgledjast öðrum. Við erum sterkari saman.
- Venja 5 **Skilningsrík hlustun** (seek first to understand then to be understood) vera tilbúin að hlusta á aðra ekki bara tala sjálf og segja frá. Passa hljóminn í röddinni og kenna börnunum að það getur verið ganglegt að hlusta á hvað aðrir hafa að segja. Það er hægt að græða á því að hlusta á aðra með augunum, eyrunum og hjartanu áður en svarað er.

Við náðum góðum árangir við að kenna eldri börnunum venjurnar og fundum fljótlega mun á samskiptum bæði voru börnin tillitsamari við hvort annað og árekstum fækkaði. Þau lærðu fljótlega að leysa sjálf úr ágreiningi með árangursríkum hætti. Sigrum saman hugsunin hefur líka fest sig í sessi og hafa þau sjálf fundið út að saman eru þau sterkari. Verkefnið hefur líka leitt til þess að starfsfólkið er farið að tala öðruvísi saman, meiri hreinskiptni í samskiptum, hjálpssemi á milli deilda og hugtakið „sigrum saman“ hefur verið starfsfólkinu góður leiðarvísir í vetur.

Hindranir

Það sem okkur fannst mesta hindrunin var að allt námsefni var á ensku og alls ekki allir kennarar sem gátu nýtt sér lesefnið sem til var og til þess gert að dýpka skilning kennarans á þessu námsefni. Allur styrkurinn fór til leiðbeinanda okkar og þurfti leikskólinn sjálfur að standa straum af kostnaði við auka fundi og annað sem til féll. Einnig af sömu ástæðu var enginn verkefnastjóri nema leikskólastjórinn. Hefði verið heppilegra að hafa annan verkefnastjóra sem hefði getað fengið greitt fyrir þessa aukavinnu við að þýða og útfæra efnið fyrir kennarana.

Mat á verkefninu

Verkefnið vann á og þegar upp er staðið eftir þennan fyrsta vetur erum við jákvæðari og bjartsýnari en við vorum á miðri önn. Létum hömlurnar verða ansi oft í vegi fyrir því að njóta verkefnisins og halda áfram og virkja mannskapinn og þær hugmyndir sem komu upp. Okkur fannst námsefnið vera auðvelt fyrir eldri börn en náðum ekki að einfalda það að einhverju ráði fyrir yngri börnin. Ætlum að halda áfram næsta skólavetur og byrja strax í september og reyna að ná að kenna allar venjurnar 5 sem við lögðum upp með og finna leiðir til að kenna yngri börnum gildi góðra vináttu og efla þau og styrkja sem sterka einstaklinga.

Afrakstur og ávinningur fyrir skólastarfið

Við höfum verið að vinna með námssögur og markmið með þeim er að finna og vinna með styrkleika barna. Þetta námsefni um leiðtogaþjálfun er beint framhald af þeirri vinnu og hentar vel að áherslum leikskólans.

Jákvætt og glaðbeitt starfsfólk sem hefur fengið þjálfun í að efla börn og koma auga á það einstaka í hverjum manni gerir góðan leikskóla enn betri og ákjósanlegan vinnustað. Þar sem kraftur, einstaklingsfrelsi og umburðarlyndi eru lykilorð í allri vinnu.

Námssögur með breyttu sniði : undanfarin ár höfum við verið leiðandi í gerð námssagna í bænum. Námssögurnar snúast um að koma auga á styrkleika hjá hverju barni og festa þá á mynd og setja í leikskólamöppu sem hvert barn á hérna hjá okkur. Þetta hefur verið óhemju vinna fyrir starfsfólkið og oft tekið dágóðan tíma af undirbúning starfsfólks. Við ákváðum að fara aðra leið í vetur og nota ípad til að vinna þessar myndir og texta. Styrkleikar barna voru myndaðir með ípad og námssagan unnin jafnóðum í appi sem heitir book creator. Að vinna þetta svona er mjög skilvirkt og skemmtileg og flest allt starfsfólk náði tökum á þessari aðferð. Ætlum að halda áfram að þróa námssögurnar og nýta tæknina eins og kostur er.

Velferð barna í Garðabæ: hafin er undirbúningur og vinna alls starfsfólks í leikskólum Garðabæjar að sameiginlegum vinnureglum og aðferðum varðandi tilkynningaskyldu ef grunur kemur upp um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni.

Lundaból heimaskóli leikskólakennaranema

Lundaból var valin af Kennaraháskóla Íslands til að taka þátt í námi leikskólakennara framtíðarinnar. Þetta verkefni tekur til þriggja ára og komum við til með að fá nema frá skólanum á hverri önn.



SLYS Á BÖRNUM- SAMANTEKT

Skráð slys/óhöpp í leikskólanum frá 1.september 2015 – 31.ágúst 2016.

- **Fjöldi skráðra slysa:** 2
- **Á hvaða tíma dags:**
 - Slysinn urðu á tímabilinu frá 10:30-13:05
- **Á hvaða árstíma:**
 - Apríl
 - Júní
- **Slysstaður:**
 - leikskólalóð
- **Tegund Slyss:**
 - Fall/hrasa 2
- **Líkamshluti:**
 - Lófi 1
 - Andlit 1
- **Meðferðaraðili:**
 - Heilsugæslan 1
 - Starfsmaður 1

Áhættumat

Samkvæmt 65. gr. laga nr.46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat innan vinnustaðarins. Áhættumat er skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og er slíkt mat til innan leikskólans. Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd í henni sitja öryggisvörður, öryggistrúnaðarmaður og leikskólastjóri.

Öryggi barna

Verklýsing í skólanámskrá (nr. 4.2.12.) er varðar daglegt öryggi barna var endurskoðuð og endurbætt. Verklýsingin er höfð sýnileg í leikskólanum og kynnt fyrir nýju starfsfólki í upphafi starfs.

Öryggisblað er nú til fyrir öll börn í leikskólanum og fylltu foreldrar það út. Þar er spurt um heilsufar, ofnæmi og aðrar mikilvægar heilsufarsupplýsingar ásamt símanúmerum hjá tengilið sem hægt er að hafa samband við ef ekki næst í foreldra. Þessi eyðublöð eru geymd á skrifstofu leikskólastjóra og aðgengileg öllu starfsfólki.

BARNAHÓPURINN

Í desember 2015 voru 64 börn (40 drengir og 24 stúlkur) í leikskólanum og var skiptingin á þeim eftirfarandi:

Börn fædd 2010 – 9 börn

Börn fædd 2011 – 17 börn

Börn fædd 2012 – 13 börn

Börn fædd 2013 – 19 börn

Börn fædd 2014 – 5 börn

Sérparfir barna

Í leikskólanum voru tvö tvítyngd börn og njóta þau liðsinnis talmeinafræðings og stuðning frá kennurum til að læra íslensku. Einu öðru barni var úthlutað sérstökum tíma í sérkennslu.

Starfsfólk

Í september 2015 var 21 kennari í 17, 89 stöðugildum. Þar af voru 10 uppeldismenntaðir, 2 með aðra háskólamenntun, 7 leiðbeinendur og tveir eldhússtarfsmenn.

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, langir og stuttir til skiptis. Í upphafi starfsmannafunda hefur oftast náðst að hafa deildarfund og kemur það vel út. Starfsfólk getur talað saman um börnin, starfið og leyst málín jafn óðum í sameiningu. Deildarfundir voru líka af og til yfir veturinn á skólatíma ef eitthvað sérstakt kom upp eða ef deildarstjóri taldi þörf á. Mikilvægt er að hafa deildafundi og ná með því samstöðu og að allir séu ábyrgir fyrir námi og vellíðan barnanna á deildinni. Stjórnendafundir voru einu sinni í viku en slíka fundi sitja deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Eftir stjórnendafund er gerð fundagerð sem starfsmenn eru hvattir til að kynna sér.

Áhersla var lögð á að virkja starfsfólk til að taka ákvarðanir með stjórnendum og fólk hvatt til að skiptast á skoðunum og láta skoðanir sínar heyrast.

Mikið var lagt upp úr sí- og endurmenntun starfsfólks þetta skólaár og var starfsfólki boðið á námskeið bæði sem skóladeild Garðabæjar (Kragans) skipuleggur og eins hjá einkaaðilum og/eða endurmenntun háskólanna.

Við enduðum skólaárið á að fara í námsferð til Brighton. Þar kynntum við okkur Núvitund (mindfulness) og sóttum námskeið í því hvernig við kennum börnunum að gera núvitundaræfingar. Við sóttum líka námskeið og vinnustofu í Numicon sem er stærðfræði verkefni fyrir leikskólabörn. Ferðin var í alla staði frábær og lærdómsrík og endurspeglaði þann góða anda sem fyrir var á Lundabóli. Þau námsskeið sem við sóttum vorum við ánægðar með og við sáum fullt af möguleikum til að nýta í starfi með börnunum í Lundabóli.



LOKAORÐ

Fjölbreyttu og skemmtilegu skólaári er lokið með góðu starfi og samvinnu innan leikskólans.

Mannauður hvers skóla er dýrmætasta auðlindin og höfum við í vetur lagt áherslu á að styrkja starfsfólkið í því sem vel er gert og hvetja það til dádá. Markmiðið er að fjölga fagfólki og mennta og þjálfar vel leiðbeinendurnar sem eru hérna hjá okkur. Við trúum því að með því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki og styrkja þannig starfsmannahópinn séum við að búa vel til næstu ára.

Garðabær, 21. September 2016

Björg Helga Geirsdóttir
Leikskólastjóri

